

Snertiskynjari 3 Plus 2-faldur F100

pöntunar-nr. : 2042 xx

Snertiskynjari 3 plus 3-faldur (1+2) F100

pöntunar-nr. : 2043 xx

Snertiskynjari 3 Plus 6-faldur (2+4) F100


pöntunar-nr. : 2046 xx

notkunnarleiðbeining**1 Öryggisleiðbeiningar**

Einungis faglærðir rafvirkjar mega sjá um innbyggingu og uppsetningu rafmagnstækjanna.

Ef leiðbeiningum er ekki fylgt getur tækið skemmst, eldur komið upp eða önnur hættu skapast.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing

mynd 1

- (1) Stjórnvippur
- (2) Stöðuljós
- (3) Reitir fyrir áletrun
- (4) Virkniljós

3 Aðgerð**Kerfisupplýsingar**

Þetta tæki er framleitt af KNX-Systems og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á KNX-námskeiðum er nauðsynleg til að skilja virkni tækisins.

Verkun tækisins er háð þeim hugbúnaði sem notaður er. Nákvæmar upplýsingar um slíkan hugbúnað og vinnslu mismunandi útgáfa hans er að finna í gagnabanka framleiðandans. Undirbúningur, uppsetning og notkun tækisins má aðeins fara fram með hjálp KNX-vottaðs hugbúnaðar. Gagnabanki um framleiðsluvörur okkar ásamt tæknilegum lýsingum á þeim er ávallt uppfærður og tiltækur á vefsetri okkar.

Rétt notkun

- Til að stjórna notendum, t.d. kveikja/slökkva ljós, deyfa ljós, hreyfa gardínur upp/niður, stjórna birtustigi, stjórna hitastigi, kalla fram og vista ljósasenur o.s.frv.
- Til að mæla herbergishita og stjórna honum
- Til uppsetningar í samskiptaeiningu 3 í tækjadós samkvæmt DIN 49073

Eiginleikar tækis

- Snertiskynjaraaðgerðirnar kveikja/slökkva, deyfa ljós, stjórna gardínum, stöðunemi, senustjórnun o.s.frv.
- Þrítítt stöðuljós eru á hverjum stjórnfleti, en allt eftir útbúnaði og forritun er hægt að stjórna þeim saman eða í sitt hvoru lagi á hverri vippu
- Sýnir gildi og texta
- Innbyggður herbergishitanemi
- Stjórnun herbergishita með stillingu óskgildis
- Innbyggður tímarofi fyrir kyndingu
- Sýnir herbergishitann og óskgildið hverju sinni
- Sýnir útihita með ytri hitanema, t.d. veðurstöð
- Virkniljós sem ratljós

4 Notkun**Breyting á aðgerð eða notanda sem óskað er**

Allt eftir forritun hverju sinni getur stjórnvippa stjórnað allt að þremur aðgerðum: vinstra megin, hægra megin og á öllum fletinum. Notkun fer eftir aðgerðinni hverju sinni.

- Kveikt/slökkt: Styðjið á hnappinn.
- Ljós deyft: Haldið hnappinum inni. Hætt er að deyfa ljósið þegar hnappinum er sleppt.
- Gardínur upp/niður: Haldið hnappinum inni.
- Gardínur stöðvaðar eða stillingu þeirra breytt: Styðjið á hnappinn.
- Ljósasena kölluð fram: Styðjið á hnappinn.
- Ljósasena vistuð: Haldið hnappinum inni.
- Gildi stillt, t.d. birtustig eða óskgildi hitastigs: Styðjið á hnappinn.

Skjátákn og vinnslumátar

Tækið ber mældan herbergishita hverju sinni saman við stillingu á óskgildi hitastigs og stjórnar kyndingu eða kælingu til samræmis. Óskgildi hitastigs er breytilegt eftir vinnslumátanum hverju sinni og fer það eftir forritun búnaðarins hvort notandi geti breytt óskgildinu. Vinnslumátar og staða stillisins hverju sinni koma fram á skjánum.

 Vinnslumátinn Þægindi

 Vinnslumátinn Biðstaða

 Vinnslumátinn Nótt

 Vinnslumátinn Frost-/hitavari

 Framlenging á þægindastillingu

 Óskgildi herbergishita breytt handvirkt

 Daggarmark. Lokað fyrir stilli

 Lokað fyrir notkun stillis

 Lokað fyrir snertiskynjara

 Viftustýring með blástursstyrk viftu á skjá. **Auto/Man.:** Sjálfvirk eða handvirk viftustýring

 Kynding

 Kæling

 Tímarofi fyrir kyndingu er virkur

 ! Viðvörðun

Virgni skjáhnappanna kemur fram á skjánum hverju sinni:

✓, OK Staðfesta stillingu, fara í næstu valmynd

✕, ✕ Hætta við, loka valmynd

▲, ▼ Færa upp/niður í listanum

<, > Færa til vinstri/hægri í listanum

+, – Stilla á hærra/lægra gildi

i Við tilteknaðar aðgerðir breytist skjámyndin. Farið er sjálfkrafa aftur í upphafsskjámynd þegar u.þ.b. 15 sekúndur eru liðnar frá síðustu aðgerð eða þegar stutt er á annan hnapp.

Herbergishita breytt

Til að breyta óskgildi hitastigs handvirkt í stuttan tíma.

- Styðjið á hnappinn hægra eða vinstra megin við skjáinn.
- Staðfestið að sýna eigi óskgildi með ✓.
- Lækkið eða hækkið óskgildi hitastigs með – eða +.
- Allt eftir forritun: Staðfestið stillinguna með **OK**.

Táknið  á skjánum gefur til kynna að stillingu á óskgildi hitastigs hafi verið breytt.


Handvirka breytingin á óskgildi hitastigs verður óvirk þegar vinnslumátanum er breytt, að því gefnu að forritun sé með þeim hætti.

Valmynd stillinga

Eftirfarandi valmyndaratriði standa til boða í valmynd stillinga. Allt eftir forritun búnaðarins getur verið að tiltekin atriði sjáist ekki.

- Viftustýring
- Skipt milli vinnslumáta
- Óskgildi hitastigs stillt
- Tímarofi fyrir kyndingu stilltur
- Stillingu tímarofa eytt
- Birtuskil á skjá stillt

Valmynd stillinga opnuð og notuð



mynd 2

- Styðjið samtímis á báða hnappana við hliðina á skjánum (mynd 2).
- Staðfestið að sýna eigi stillingar með ✓.
- Valmynd stillinga birtist á skjánum.
- Veljið valmyndaratriði með ▲ eða ▼ og staðfestið með **OK**.

Tímarofi fyrir kyndingu: Tímastilling

Tímarofinn velur vinnslumáta herbergishitastillisins, og þar með óskgildi herbergishita, eftir vikudegi og tíma. Hægt er að stilla allt að 28 tímastillingar inn í minni.

- Opnið valmynd stillinga, veljið „Stilla tímarofa“ og styðjið á **OK**.
- Skjárinn sýnir fyrstu tímastillinguna í minni.
- Veljið númer í minni með ▲/▼ og styðjið á **OK**.
- Stillið klukkustundir og styðjið á **OK**.
- Stillið mínútur og styðjið á **OK**.

- Veljið viku frá mánudegi til sunnudags, viku frá mánudegi til föstudags, helgi frá laugardegi til sunnudags eða tiltekinn vikudag og styðjið á **OK**.
 - Veljið vinnslumáta fyrir tímastillinguna og styðjið á **OK**.
Næstu 15 sekúndur er farið yfir stillingarnar fyrir valið númer í minni á skjánum.
 - Staðfestið með **OK**.
- i** Hætt er við stillinguna án þess að vista ef ekki er stutt á hnappinn í 15 sekúndur eða ef stutt er á einhvern annan hnapp.

Tímarofi: Tímastillingu eytt

- Opnið valmynd stillinga, veljið „Eyða tímastillingu“ og styðjið á **OK**.
Skjárin sýnir fyrstu tímastillinguna í minni.
- Veljið tímastillinguna sem á að eyða með ▲/▼ og styðjið á **OK**.
- Til að staðfesta að eyða eigi minnisnúmerinu skal styðja aftur á ✓.
- Ef ekki á að eyða tímastillingunni skal styðja á ✕ eða einhvern annan hnapp, eða bíða í u.þ. b. 15 sekúndur.

5 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja

5.1 Uppsetning og straumtenging




HÆTTA!

Raflost ef komið er við spennuhafa hluti hjá uppsetningarstað.

Raflost getur verið banvænt.

Áður en unnið er við tækið skal taka strauminn af og breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!

Tækið sett upp og tengt




mynd 3

- (5) Samskiptaeining 3
- (6) Rammi
- (7) Snertiskynjari
- (8) Festiskrúfur
- (9) Hlíðarmotta fyrir afhleðslu stöðurafmagns
- (10) Vippuberi

(11) Merkispjald

(12) Vippulok



mynd 4

(13) Múrtappi

(14) Festiskrúfur

Samskiptaeining 3 er tengd við tengibrautina (Bus) og hefur verið sett upp í tækjadós.


i Notið eingöngu samskiptaeiningu 3 – án forritunarhnapps. Notkun með öðrum samskiptaeiningum er ekki möguleg.

Setjið snertiskynjarana upp í tvöfaldri hæð í tveimur tækjadósum með öðrum burðarhring (Sjá kafla 6.2. Aukabúnaður). Þegar sett er upp í tækjadós skal nota meðfylgjandi skrúfu- og múrtappasett.

- Takið vippuberann (10) og vippulokin (12) varlega af snertiskynjaranum (7).
- Setjið rammann (6) á samskiptaeininguna (5).
- Setjið snertiskynjarann (7) varlega á samskiptaeininguna (5).
- Skrúfið snertiskynjarann á burðarhring samskiptaeiningarinnar. Notið til þess meðfylgjandi festiskrúfur (8).
- Skrúfið snertiskynjara í tvöfaldri hæð við neðri burðarhringinn eða við múrtappana (13). Notið til þess meðfylgjandi skrúfur (14).
- Ef mögulegt er ætti að slá raunvistfang inn í tækið áður en það er endanlega sett upp (Sjá kafla 5.2. Ræsing).
- Ef þörf krefur skal setja áletrun á merkispjöldin (11).
- Festið vippubera (10), merkispjöld (11) og vippulok (12) á snertiskynjarann.

5.2 Ræsing

Raunvistfangi og verkbúnaði hlaðið inn



mynd 5

(15) Forritunar-gaumljós

(16) Forritunarhnappur

Forritunarhnappurinn og forritunarljósið eru undir vippulokunum (mynd 5).

Vippulok (12) og vippuberi (10) yfir forritunarhnappi hafa verið tekin af.

i Ef enginn – eða rangur – verkbúnaður er í tækinu blikkar virkniljósið (4).

- Styðjið á forritunarhnappinn (16).
Forritunarljósið logar (15).
- Úthlutið raunvistfangi.
Forritunarljósið slokknar.
- Hlaðið verkbúnaðinum í tækið.
- Setjið upp vippubera (10), merkispjald (11) og vippulok (12).

6 Viðauki

6.1 Tæknilýsing

KNX-miðill
Byrjunarhamur
Málspenna

Afkastaskráning
Tegund tengingar
Öryggisflokkur
Umhverfishitastig
Geymslu- og flutningshitastig

TP 1
S-hamur
DC 21 V ... 32 V SELV (með samskiptaeiningu 3)
hám. 420 mW (með samskiptaeiningu 3)
10 pinna tengi III
-5 ... +45 °C
-20 ... +70 °C

6.2 Aukabúnaður

Samskiptaeining 3
Samskiptaeining 3 ytri nemi
Fjarskynjari
Annar burðarhringur
Áletrunarörk (21x)
Áletrunarörk (48x)

pöntunar-nr. 2008 00
pöntunar-nr. 2009 00
pöntunar-nr. 1493 00
pöntunar-nr. 1127 00
pöntunar-nr. 2872 ..
pöntunar-nr. 2874 ..

6.3 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérværslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-191

www.gira.de
info@gira.de